



Skátarnir eru alþjóðleg
æskulýðshreyfing
sem valdeflir börn og
ungmennni.



SKÁTARNIR



@skatarnir

www.skatarnir.is | skatarnir@skatarnir.is

Hraunbær 123, 110 Reykjavík



KOMDU Í SKÁTANA



Skátastarf fyrir öll

Skátastarf er í boði fyrir allan aldur og getur hafist snemma í fjölskylduskátum. Hefðbundið skátastarf hefst í drekaskátum í flestum skátafélögum. **Það er aldrei of seint að byrja í skátunum.**

Fjölskylduskátar

frá 3 ára með forsjáraðila

Drekaskátar

7-9 ára

Fálkaskátar

10-12 ára

Dróttaskátar

13-15 ára

Rekkaskátar

16-18 ára

Róverskátar

19-25 ára

Fullorðnir

26 ára og eldri

Hvað er gert í skátunum?

Dagskráin er fjölbreytt og fer fram í skátaflokkum, hópum 5-8 skáta, sem vinna saman að margvíslegum verkefnum sem flokkarnir taka sjálfir þátt í að velja. Útivist og náttúra eru í brennidepli í skátastarfi.

Áhersla er lögð á ævintýralega og krefjandi dagskrá þar sem skátum gefst tækifæri á að spreyta sig á verkefnum á borð við að kveikja varðeld, syngja skátalög, gista í tjaldi, fara í fjallgöngur, hlaupa um í ratleikjum, læra skyndihjálp og margt fleira.



Fatnaður og búnaður

Nauðsynlegt er að koma klædd eftir veðri í alla dagskrá hvort sem það er fundur, útilega eða annar viðburður.

Þegar farið er í ferðir þurfa skátarnir oft að taka með sér svefnpoka og dýnu ásamt bakpoka til að bera fötin sín og annað dót í. Ef slíkur búnaður er ekki til heima er fólk hvatt til að fá hann lánaðann hjá vinum og fjölskyldu. Mörg félög eiga aukabúnað til að lána en einnig má oft finna notaðan búnað á góðu verði, t.d. á búnaðarbasar BÍS sem haldinn er reglulega.

Þátttaka forsjáraðila

Á skátafundum er ekki gerð krafa um að forsjáraðilar séu viðstödd en þeim stendur alltaf til boða að leggja starfinu lið með öðrum hætti. Það getur verið að taka að sér sjálfboðaliðahlutverk í útilegum og vera virk í baklandi félagsins.

Á þessu eru undantekningar en í fjölskylduskátastarfi er gert ráð fyrir að fjölskyldan stundi skátastarf saman. Skátastarf byggir á virkum stuðningi fullorðinna en fullorðnir geta skemmt sér konunglega í skátastarfi!

Spurt og svarað



Notaðu QR kóðann til að nálgast algengar spurningar og svör.

Ekki hika við að hafa samband í tölvupósti á skatarnir@skatarnir.is

Kostnaður og félagsgjöld

Skátar greiða fyrir þátttöku í skipulögðu skátastarfi en félagsgjaldið er mismunandi eftir skátafélögum. Hjá sumum félögum eru ferðir og útilegur innifaldar í félagsgjaldi vetrarins en hjá öðrum er greitt sérstaklega fyrir viðburði.

Hjá skátafélögum fást upplýsingar um félagsgjöld og starfið en hægt er að nálgast nánari upplýsingar um frístundastyrki á heimasíðum sveitarfélaga.

Komdu og skapaðu ævintýralegar minningar!